



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

16.fundur.

að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 25. mars kl. 09:15

Mættir: Yngvi Ragnar Kristjánsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Guðrún Brynleifsdóttir Sigurður G. Böðvarsson, Friðrik Böðvarsson og Jón Óskar Pétursson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning
2. Fundargerð Atvinnumálanefndar frá 16. mars 2015
3. Reglur um hunda og kattahald í Skútustaðahreppi
4. Erindi Héðins Sverrissonar dags. 13. mars 2015
5. Aðalfundur Mýsköpunar 2015
6. Málefni flugklasans AIR66- kynning frá fulltrúum klasans
7. Skýrsla sveitarstjóra - munnleg

Afgreiðslur

1. Oddviti setti fund.
2. Lögð fram fundargerð Atvinnumálanefndar frá 16. mars 2015. Fundargerðin er í 3 liðum. Oddviti bar upp eftirfarandi tillögu vegna liðar 2 í fundargerðinni.
„Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að auglýsa fasteigninga Múlaveg 1, fastanúmer 216-3404, til sölu. Óskað verði eftir tilboðum í eignina. Sveitarstjórn áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum“. Samþykkt samhljóða.
Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leiti.
3. Sveitarstjóri kynnti drög að samþykkt um hunda- og kattahald í Skútustaðahreppi. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að auglýsa samþykktina á heimasiðu sveitarfélagsins til kynningar þar sem íbúum gefst kostur á að koma með athugasemdir. Undir þessum lið var lagður fram tölvupóstur frá Þórnari Jónssyni dags. 16. mars 2015 þar sem spurst er fyrir um ýmis atriði er varðar hundahald í Skútustaðahreppi og túlkanir sveitarstjórnar á gildandi samþykkt um hunda- og kattahald í Skútustaðahreppi. Sveitarstjóra falið að svara bréfitara.
4. Lagt fram erindi Héðins Sverrissonar dags. 13.03.2015 þar sem farið er fram á að Skútustaðahreppur falli frá forkaupsrétti á jörðinni Geiteyjarströnd 1. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.
5. Lagt fram aðalfundarboð Mýsköpunar þann 27. mars 2015. Sveitarstjórn samþykkir að oddviti fari með umboð sveitarfélagsins á fundinum.

YPR

6. Til fundarins eru mætti Hjalti Páll Þórarinnsson frá 66 flugklasanum. Kynnti hann starfsemi klasans og framtíðaráform. Hjalti vék af fundi.
7. Sveitarstjóri fór yfir helstu mál sem unnið hefur verið að frá síðasta sveitarstjórnarfundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11:00

Yngvi Ragnar Kristjánsson



Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir



Guðrún Brynleifsdóttir



Sigurður G. Böðvarsson



Friðrik Jakobsson



Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri

